

Sþ.

299. Tillaga til þingsályktunar

[163. mál]

um, að gerð verði áætlun um stofnkostnað og rekstur fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðausturlandi.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jónas G. Rafnar, Gísli Guðmundsson, Ingvar Gislason, Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fá nú þegar sérfróða menn til þess að gera áætlun um kostnað við að koma upp og reka á hentugum stað á Norðausturlandi heymjöls- og/eða heykögglaferksmiðju, sem miðuð sé við það, að hún geti einnig hagnýtt sjófang til vinnslu og fóðurlöndunar.

Jafnframt hafi verksmiðjan það verkefni, ef samrýmanlegt þykir, að vinna vörur til mannelis úr gróðurhúsagrænneti eða öðrum skjótræktanlegum mannelisjurtum.

Greinargerð.

Eitt af hinu nauðsynlegasta í okkar misærasama landi er að tryggja það, að jafnan séu til nægar innlendar fóðurbirgðir handa búpeningi, hvernig sem viðrar. Víst hefur í þá átt miðað á seinni árum, en betur má, ef duga skal.

Heymjölsverksmiðja hefur verið reist á Hvolsvelli.

Heymjölsverksmiðja er einnig á Kjalarnesi.

Heykögglaferksmiðja var stofnsett s. l. haust að Gunnarsholti.

Allar eru þessar verksmiðjur í einum og sama landsfjórðungi.

Á Norðausturlandi er vetrarríki mest, og þar getur, samkv. fyrri tíma reynslu, þá hættu borið að höndum, að hafis teppi siglingar og loki höfnum langtímum saman að vetrinum og fram á vor.

Þar vantar óumdeilanlega umrædda starfsemi til öryggis.

Auðvelt ætti að vera að fá þar góð skilyrði til hráefnisöflunar handa græn-fóðurverksmiðju, og skal í því sambandi bent á Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu. Þó að verksmiðjan verði staðsett á Norðausturlandi, gæti hún starfað fyrir stærra svæði.

Peir, sem þingsályktunartillögu þessa flytja, telja nauðsynlegt að taka þessi mál nú þegar til athugunar vegna þess landshluta, sem að jafnaði býr við þyngsta og langstæðasta vetrarríki. Flutningsmenn líta svo á, að vert sé að hafa jafnframt í huga við staðsetningu verksmiðjunnar aðstöðu til hagnýtingar á sjávaraflaúrgangi til fóðurlöndunar, svo og jarðhita til stuðnings rekstrinum.

Hafa ætti einnig í huga, hvort ekki komi til greina að framleiða til útflutnings skepnufóður úr hinum efnaríku íslenzku hráefnum.

Vert er enn fremur að athuga, hvort ekki geti verið hagfellt að ætla verksmiðjunni öðrum þræði að vinna matvæli úr mannelisjurtum.

Rétt er, að hér komi fram, að bæjarráð Húsavíkur og sveitarstjórn Reykjahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu héldu sameiginlegan fund 11. okt. s. l. og samþykktu þar einum rómi ályktun þá, sem prentuð er sem fylgiskjal I á þingskjali þessu.

Undir ályktun bæjarráðsins og sveitarstjórnarinnar tók sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á aukafundi sínum 29. s. m. með samþykkt, er einnig er prentuð hér á eftir sem fylgiskjal II.

Fylgiskjal I.

„Bæjarráð Húsavíkur og hreppsnefnd Reykjahrepps beina því til alþingismanna úr Norðurlandskjördæmi eystra að hlutast til um, að athugaðir séu möguleikar til þess að koma upp fóðuriðnaði í sambandi við nýtingu jarðhitans í Reykjahverfi.

Bæjarráð og hreppsnefndin leyfa sér að benda á, að í Reykjahverfi og á Hvammsheiði eru óvenjulega góð skilyrði til stórfelldrar og samfelldrar ræktunar í nábyli við mikinn ónotaðan jarðhita.

Telja bæjarráðið og hreppsnefndin, að þar séu mjög ákjósanleg skilyrði frá náttúrunnar hendi fyrir grasmjölsframleiðslu og annan fóðuriðnað, og jafnframt fyrir fóðurbirgðabúr, er þjóni heilum landshlutum.

Því beinir bæjarráð og hreppsnefndin því sérstakleg til alþingismanna, að könnuð séu til hlítar skilyrði fyrir fóðurbirgðastöð Norðurlands staðsettri í Reykjahverfi.“

Fylgiskjal II.

„Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu tekur undir ályktun bæjarráðs Húsavíkur og hreppsnefndar Reykjahrepps frá 11. okt. s. l. varðandi athugun á aðstöðu til grasræktar ásamt heykögglaframleiðslu og grasmjölsvinnslu á jarðhitasvæðinu í Reykjahverfi. Skorar sýslunefndin á þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra að beita sér einhuga fyrir málinu og treystir því, að Landnám ríkisins leggi því lið.“